

Fimmtudaginn 2. júlí 1992.

Nr. 271/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Stefáni Karli Lúðvíkssyni og**Sigurði John Lúðvíkssyni.**

Kærumál. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1992. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðilum var kynnt kæra ríkissaksóknara á dómþingi sakaðóms Seltjarnarness 29. júní sl. Þeir gera ekki kröfur í málinu.

Af hálfu ákærvalds er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum: „...aðfaranótt sunnudagsins 5. janúar sl. stöðvaði lögreglan í Reykjavík akstur bifreiðarinnar FA-797 í Hörgshlíð í Reykjavík. Ökumaður bar einkenni ölvunar, og reyndist magn alkóhóls í blóðsýni úr honum 1,54‰. Hann kvaðst heita Sigurður John Lúðvíksson, til heimilis að Lambastaðabraut 7, Seltjarnarnesi, og undirritaði skýrslu hjá varðstjóra sömu nótt með því nafni. Hann mætti svo til lögreglunnar í Reykjavík 15. janúar sl. og ritaði sama nafn undir vottorð um, að sér hefði verið kunngerð ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda, og undir skýrslu í rannsóknardeild lögreglunnar, þar sem hann viðurkenndi brotið. Hinn 21. janúar sl. gekkst hann svo undir að ljúka málinu með hinni kærðu dómsátt, þar sem honum var gert að greiða 30.000 kr. í sekt og sæta sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði frá 15. janúar 1992. Hinn 10. maí sl. var Sigurður John stöðvaður við akstur bifreiðarinnar F-48145, grunaður um akstur án ökuréttinda. Sigurður John kannaðist ekki við að vera sviptur ökuréttindum og taldi bróður sinn, Stefán Karl Lúðvíksson, til heimilis á sama stað, hafa notað nafn sitt í óleyfi, sem Stefán Karl svo viðurkenndi við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 29. maí sl. Það liggur því fyrir, að með hinni kærðu dómsátt hefur saklaus maður verið

látinn undirgangast greiðslu sektar og sæta sviptingu ökuréttinda.“

Með vísan til þess, er að framan greinir, og samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 199. gr. laga nr. 19/1991, er tóku gildi 1. júlí 1992, ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt í sakadómi Seltjarnarness 21. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 21. janúar, er dómþing sakadóms Seltjarnarness háð á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Höllu Bachmann Ólafsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið sakadómsmálið nr. 119/92: Ölvun við akstur bifreiðarinnar FA-797.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1-2, sem fylgja í frumriti. Kl. 16.00 mætir í dóminn kærði, Sigurður John Lúðvíksson starfsmaður, Lambastaðabraut 7, Seltjarnarnesi, kt. 271168-6089, fæddur á Englandi.

Kærða er kunngert sakarefnið, og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærði viðurkennir að hafa ekið bifreiðinni FA-797 undir áhrifum áfengis úr miðbæ Reykjavíkur, uns lögregla stöðvaði frekari akstur kærða í Hörgshlíð aðfaranótt 5. janúar sl. Dómarinn skýrir nú kærða frá því, að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,54‰. Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. lög nr. 32, 1988, og með vísan til 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann greiði 30.000 kr. í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 100. gr. umferðarlaga, 4.513 kr. í málskostnað og sæti jafnframt sviptingu ökuréttinda í 12 mánuði samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg, og greiðist sektin fyrir 1.4.1992, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaður greiðist fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissvipting gildir frá 15.1.1992.